

# FUNDARGERÐ

## 157. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Grunnskóli Mýrdalshrepps  
**Fundartími:** Mánudagur 26. janúar 2009 kl. 16:00.  
**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar.

**Ritari fundarins:** Inger Schiöth

**Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.**

**Gerðir fundarins:**

### I. Leikskólinn:

Á fundinn er mætt Halla Ólafsdóttir leikskólastjóri, Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna og Victoria Jonsson fulltrúi foreldra.

#### 1. Fjárhagsáætlun 2009

Lögð fram fjárhagsáætlun 2009.

Gert er ráð fyrir að leikskólinn loki kl. 16:00. Starfsmannafundur verði færðir á vinnutíma. Yfirvinna er ekki greidd.

Fræðslunefnd samþykkir fjárhagsáætlun 2009.

#### 2. Önnur mál

Halla Ólafsdóttir leggur fram minnisblað dags. 26. janúar 2009. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að áætlaður fjöldi barna á næsta skólaári verði 24.

Heildar barngildi 29,6 grunnstöðugildi 3,7 auk starfsmanns í eldhúsi og þvottahúsi og 50% stjórnunarstarfa. (5,05)

Þórunn Einarsdóttir hefur verið ráðin á leikskólann frá 1. mars n.k. í 90-100% stöðugildi, en hefur leyst af vegna sérkennslu frá 1. janúar s.l.

Halla upplýsir að dagur leikskólans sé 6. febrúar n.k. og verður myndlistarsýning barnanna á Sýsluskrifstofunni í Vík.

Halla, Victoria, og Hjördís Rut yfirgefa fundinn.

### II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Nielsson tónskólastjóri

#### 1. Ályktun félags tónskólakennara dags. 6. janúar 2009.

Í ályktuninni kemur fram hvatning til að halda vörð um atvinnuöryggi starfsmanna sveitarfélaga. Einnig eru sveitarfélög hvött til að gæta þess að ekki verði vegið að tónlistarskólanum og því þýðingarmikla starfi sem hann stendur fyrir.

Lagt fram til kynningar.

#### 2. Fjárhagsáætlun 2009.

Fjárhagsáætlun 2009 lögð fram.

Í áætlun kemur fram að gjaldskrá tónskólans hækki um 25%. Gert er ráð fyrir umtalsverðri tekjulækkun og dregið verður úr kostnaði eins og kostur er. Hætt verður að taka við fullorðnum nemendum í Tónskólann og yfirvinna takmörkuð við að nemendum á strengjahljóðferi sé boðið upp á ½ nám.

Kristinn hefur þegar sent út kynningarbréf og starfar nú þegar eflir nýrri starfsáætlun.

Fræðslunefnd samþykkir fjárhagsáætlun 2009.

3. **Önnur mál.**  
Fræðslunefnd þakkar Kristni fyrir frábært innlegg hans á íbúáþingi sem haldið var 17. jan. s.l.

Kristinn yfirgefur fundinn.

### III. Grunnskólinn

Á fundinn er mætt Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólustjóri, Halla Ólafsdóttir fulltrúi foreldraráðs.

1. **Bréf Kristínar Marti Kasparsdóttur dags. 7. janúar 2009.**  
Í bréfinu óskar hún eftir launalausum leyfi skólaárið 2009 – 2010.  
Fræðslunefnd samþykkir leyfið.

Á fundinn er mætt Kristín Marti fulltrúi kennara.

2. **Fjárhagsáætlun 2009.**  
Fjárhagsáætlun 2009 lögð fram.  
Í áætlun kemur fram að kennslustundakvóti grunnskóla verður lækkaður um 15 stundir og dregið úr yfirvinnu og forfallakennslu. Dans verði hluti af íþróttum. Dægradvöl verður gjaldskyld fyrir aðra en akstursnemendur.

Kolbrún lagði fram minnisblað frá skólustjóra vegna gjaldtöku nemenda í dægradvöl janúar 2009.

Á minnisblaðinu var gerð könnun á fyrirkomulagi á lengdri viðveru/dægradvöl hjá öðrum skólum kom í ljós að mjög mismunandi útfærsla er á þessari vistun eftir sveitarfélögum. Lagt fram til kynningar.

Fræðslunefnd leggur til að gjaldtaka fyrir dægradvöl verði 100 krónur fyrir hverja stund á fyrsta barn, 50% afsláttur veittur á annað barn og 75% afsláttur veittur á þriðja barn (innifalið í því er leik- og námsaðstaða, efniskostnaður v/föndurs og gæsla)

Kolbrún Ósk leggur fram minnisblað merkt „Aðhald á öllum sviðum“.

Kennsluyfirvinna/samkennsla/forföll: Stefnt er á að draga saman um að allt að 15 kennslustundir á viku á næsta skólaári og lágmarka yfirvinnu. Dregið verður úr forföllum eins og kostur er t.d. með því að fella niður kennslustundir.

Endurmenntun, hlutur skólans í endurmenntun verður í lágmarki. Endurmenntun verði nýtt í „uppeldi til ábyrgðar“ Starfsmenn sækja í „Vonarsjóð“

Endurnota-Endurvinnu-Nota minna.

Hagstæðari innkaup t.d. vegna verkgreina og heimilisfræði, ræstivörum og dregið úr prentkostnaði, plöstun.

Lagt fram til kynningar.

Fræðslunefnd leggur til að skoðaður verði kostnaður við skólamáltíðir á föstudögum og kannað verði viðhorf foreldra.

Fræðslunefnd samþykkir fjárhagsáætlun fyrir 2009 með áorðnum breytingum.

3. **Önnur mál.**  
Þorgerður tjáði nefndinni að komið væri reglugerð fyrir skólaráð.  
Þorgerður sat einnig fjarfund þann 19. janúar s.l. um lög grunn- leik- og tónskóla.

Fræðslunefnd óskar eftir undirritaðri haustskýrslu.

Guðný gagnrýnir að haustskýrslan hafi ekki borist þar sem hún átti að berast í nóvember 2008.


#### IV. Almenn

1. Bréf menntamálaráðuneytis dags. 1. desember 2008.  
Efni: Úttekt listfræðslu á Íslandi  
Lagt fram til kynningar.
2. Minnisblað SÍS um forgangsröðun útgjalda til fræðslumála.  
Lagt fram til kynningar.
3. Íbúæping um skólamál 17. janúar 2009.  
Íbúæpingið hófst kl. 10:00 með fyrirlestrum. Fyrirlesarar voru: Hafsteinn Karlsson, skólastjóri Salaskóla, Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri grunnskóla Mýrdalshrepps, Margrét Pála Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, Halla Ólafsdóttir skólastjóri Leikskóla Mýrdalshrepps, Björn Þráinn framkvæmdastjóri fræðslusviðs Mosfellsbæjar, Kristinn Jóh. Niélsson skólastjóri Tónskóla Mýrdalshrepps.  
Eftir hádegi hófu svo vinnuhópar störf þar sem íbúar áttu þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.  
Fræðslunefnd sagði íbúæpingið afar gott en mæting benti ekki til almenns áhuga á málefni.


Kolbrún Ósk þakkar fræðslunefnd fyrir samveruna á íbúæpinginu.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl.18:40




Inger Schiöth




Þorgerður Einarsdóttir  
Formaður



Andrina G. Erlingsdóttir



Guðný Sigurðardóttir



Bergþóra Astþórsdóttir